

Fundur 29.4.2024 Keron frá Karpagó.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

Góða kvöldið.

Hér er bjart um að litast og fólkið er gott, eru það æfinlega merkileg umskiptin sem verða þegar allt samfélagið skilur einstaklinginn og hlustar á æfisögu úr fortíðinni og tekur mark á málsmetandi aðilum í þjóðfélaginu sem ábyrgjast einstaklinginn sem styðja og staðfesta sögu hans.

Og lýsa tilverunni á myrkurhliðum hnattarins á sama hátt og einstaklingur sá sem lifað hefur um langt skeið á myrkurhlið plánetunnar og hefur kannski unnið ýmislegt af sér, brotið ýmislegt af sér og hefur tilheyrð slíkum helstefnu hnöttum um langt skeið.

Og þörf á því að halda að lýðurinn trúir sér og geti sagt langa sögu sína í smáatriðum, þannig að fólk skilji í hverju umskiptin á löngum tíma hafa falist.

Og vil ég gjarnan segja þá sögu, en ekki að þessu sinni, þar sem það tekur mikla orku og er erfitt viðureignar að fara út í það í smáatriðum.

En nýkominn er ég úr björgunar leiðangri slíkum, og var ég eitt af viðfangsefnunum og einn af þeim sem dvalið hef á myrkurhliðum þessa hnattar um langt skeið og á ýmsum helstefnu jörðum öðrum þar á undan.

Eru það miklar þjáningar og erfitt líf, en eins og sagt er, Drottinn leggur líkn með þraut, og því eru þær sögur ekki eintómar harmasögur, heldur birtir til inn á milli og hægt er að greina frá jákvæðum atburðum einnig og hamingjuríkum, og eru það merkilegar sögur.

Og er það gæfa mín að mér hefur tekist að halda minni mínu óskertu, en margir af þeim sem lenda í slíkum atburðum eiga erfitt með að skilja og meðtaka ástæður fyrir örlögum sínum og hegðun.

Og eiga því enn þá erfiðara með að bæta sig og lýsa lífi sínu þannig að fólk taki í sátt og gangi að samlagast lífstefnu samfélaginu á hliðum hnattanna þar sem lifað er góðu lífi.

Og eru því margar mismunandi aðstæður sem valda því, hvort að auðvelt er að hjálpa fram á lífsins góðu leið, eða hvort það er erfitt.

Ég var uppi fyrir löngu á jörðinni og tilheyrði ég þjóðfélagi þar sem margt ljótt gerðist og ekki síst það að börnum var fórnað fyrir Mólok.

Ríki í Afríku sem ég get ekki nefnt að sinni, en nafn mitt er Keron og var ég uppi fyrir Kristburð í því ríki og fór þar ýmislegt misjafnt fram eins og fram hefur komið.

Og var þar mikil stríðsmenning og börðumst við gegn Rómverjum meðal annars og ýmsum öðrum og margir sem fórust og börnum fórnað með hryllilegum hætti, send fyrir elds ofna og annað slíkt.

*Varst þú í Karpagó ? Fyrirgefðu.*

Já, já það er rétt.

Hef ég nú komist á lífsins leið og mjög þakklátur því fólki sem hjálpaði mér og minnst ég þess áður að ég komst yfir á sólarhlið hnattanna, en hrakaði mér og fór aftur yfir á helstefnu hliðina og vona ég að það gerist ekki aftur.

Eru hér ýmis tengsl manna á milli sem valda því að freistingar eru margar og það getur verið slæmt að þekkja suma og þarf viljastyrk til að halda sér á réttu brautinni.

En hér er fagurt um að litast og vísindi viðhöfð og góð trú á framfara Guði og minnst ég þess með miklu þakklæti að ég átti áður í samskiptum við fólk á sólarhliðum hnattanna og átti ég þar afkvæmi og hjónabönd að baki.

Og er ég nú að endurheimta þau tengsl eftir megni og þótt það fólk sé ekki allt statt á þessum hnetti, er mér það mjög dýrmætt að vingast við það aftur og tala við það í fjarsambandi í stjörnusambandsstöð þessari.

Og óska ég því allra heilla og langar mig til að byrja aftur á slíkum jákvæðum samböndum og stefna lífi mínu í rétta átt í þessu samfélagi sem hefur fengið að heyra sögu mína og margir sem kannast við mig og margir sem fóru á undan mér yfir á ljóshliðina og sögðu sögu sína og ekki er það allt ljótt sem fram fór, heldur margt gott.

Og erum við smámsaman að vinna okkur sess sem verðmætir og dýrmætir þjóðfélags þegnar og gleðjumst við mjög yfir því.

Ég hef mikla reynslu af þessu og síðar langar mig til að taka þátt í björgunar leiðöngrum niður á myrkurhliðarnar og veit ég að ég gæti komið að gagni.

Eru þetta miklar og merkilegar sögur og vona ég að við getum sagt ykkur frá því, við tækifæri, en verð ég nú að láta þetta nægja að sinni.

Þakka ég kærlega fyrir mig og vona ég að öllum jarðarbúum á gömlu jörðinni minni farnist vel og eigi sem best framlíf fram undan.

Verið þið blessuð og sæl.

*Þakka þér fyrir komuna og hafðu það gott. Vertu sæll. Blessaður.*

Takk.